

## Brunatrygging fyrir nætur nr. 3

### Vátryggingarsamningurinn

Um vátryggingu þessa gildir það sem fram kemur í:

- Vátryggingarskírteini
- Vátryggingarskilmálum, þ.e.:
  - hugsanlegum sérskilmálum, sem koma fram í vátryggingarskírteini
  - skilmálum þessum
- Lögum nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga.

Vátryggingarskírteinið hefur að geyma nánari ákvæði vátryggingarsamningsins sem ekki koma fram í skilmálum þessum. Sérskilmálar í vátryggingarskírteini útvíkka, takmarka eða afmarka nánar gildissvið vátryggingarinnar umfram það sem kemur fram í skilmálum þessum. Að öðru leyti en fram kann að koma í sérskilmálum gilda ákvæði skilmála þessara um vátrygginguna.

Í tilvikum þar sem ákvæðum um sama efni ber ekki saman gilda ákvæði í vátryggingarskírteini og endurnýjunarkvittun framar ákvæðum vátryggingarskilmála og sérskilmálar ganga framar almennum skilmálum, þó þannig að sértækar reglur ganga ávallt framar almennum. Ákvæði í vátryggingarskírteini, endurnýjunarkvittun og skilmálum ganga framar frávikjanlegum lagaákvæðum.

### Tjónagrunnur

Tilteknaðar upplýsingar um tjón sem tilkynnt eru í trygginguna eru færðar í tjónagrunn sem Samtök fjármálafyrirtækja reka samkvæmt sérstöku leyfi frá Persónuvernd. Sjóvá-Almennar tryggingar bera ábyrgð á vinnslu upplýsinganna en Creditinfo er vinnsluaðili þeirra. Tilgangur vinnslu upplýsinga í tjónagrunninum er að stemma stigu við tryggingarsvikum og koma í veg fyrir ofgreiðslu tryggingarbóta. Þessar upplýsingar eru skráðar í tjónagrunnin:

- Kennitala tjónþola
- Númer máls hjá félaginu
- Tegund tryggingar
- Tegund tjóns
- Dagsetning tjóns
- Dagsetning skráningar í grunninn
- Nafn viðkomandi vátryggingarfélags
- Staðsetningu tjóns
- Einkvæmt númer þess tryggða, s.s. ökutækis.

Starfsmenn tryggingafélaga sem starfa að tjónauppgjöri hafa einir aðgang að upplýsingum í grunninum. Upplýsingunum verður eytt þegar ekki er lengur þörf fyrir þær í þágu tilgangs vinnslunnar, í síðasta lagi þegar tíu ár eru liðin frá skrá

**Efnisyfirlit**

---

1.	Vátryggingarsviðið.....	3
2.	Gáleysi og ásetningur og brot á upplýsingaskyldu .....	3
3.	Tjón sem ekki bætast .....	3
4.	Undantekningar .....	3
5.	Munir sem aðrir eiga.....	3
6.	Kostnaður vegna ruðnings brunarústa .....	4
7.	Iðgjaldið – Gjaldtagi – Vanskil – Uppgjör við slit samnings á vátryggingartímabilinu.....	4
8.	Gildistími – Endurnýjun – Réttur til uppsagnar .....	4
9.	Tilkynningarskylda.....	5
10.	Sjó- eða flutningstrygging.....	5
11.	Skoðun .....	5
12.	Varnir gegn tjóni .....	5
13.	Tilkynning um tjón .....	5
14.	Uppgjör tjóns .....	6
15.	Undirtrygging.....	6
16.	Mat .....	6
17.	Er félagið tekur við skemmdum munum .....	6
18.	Tímafrestir – fyrning .....	6
19.	Ágreiningur.....	7
20.	Heimili og varnarþing.....	7

## 1. Vátryggingarsviðið

Vátryggingin er til hagsbóta fyrir vátryggingartaka/eiganda hins vátryggða. Vátryggingin er ekki til hagsbóta fyrir aðra aðila svo sem veðhafa eða nýjan eiganda hins vátryggða. Vátryggingin fellur brott við eigendaskipti að hinu vátryggða.

Vátryggingin nær til þess tjóns, sem eldsvoði, elding, gassprenging, gufuketilssprenging veldur á hinum vátryggðu munum, svo og til þess tjóns, er hlýst af slökkvitilraunum og nauðsynlegum útflutningi. Ennfremur bætist sanngjarn kostnaður við björgun og geymslu á hinum vátryggðu munum og munir er glatast við brunann.

## 2. Gáleysi og ásetningur og brot á upplýsingaskyldu

- 2.1 Ef vátryggður hefur af ásetningi valdið því að vátryggingaratburður varð ber félagið ekki ábyrgð, sbr. 1. mgr. 27. gr. laga nr. 30/2004.
- 2.2 Hafi vátryggður valdið því af stórkostlegu gáleysi að vátryggingaratburður varð eða afleiðingar hans urðu meiri en ella hefði orðið má lækka eða fella niður ábyrgð félagsins, sbr. 2. mgr. 27. gr. laga nr. 30/2004.
- 2.3. Hafi vátryggingartaki eða vátryggður sviksamlega vanrækt upplýsingaskyldu sína um atvik sem haft geta þýðingu fyrir mat félagsins á áhættu og vátryggingaratburður orðið ber félagið ekki ábyrgð, sbr. 1. mgr. 20. gr. laga nr. 30/2004.
- 2.4. Hafi vátryggingartaki eða vátryggður með öðrum hætti vanrækt upplýsingaskyldu sína í þeim mæli að ekki telst óverulegt fellur ábyrgð félagsins niður í heild eða að hluta, sbr. 2. mgr. 20. gr. nr. 30/2004.
- 2.5 Ef vátryggður veitir af ásetningi rangar eða ófullnægjandi upplýsingar við uppgjör bóta fellur niður allur réttur hans samkvæmt þessum og öðrum vátryggingarsamningum vegna hins tiltekna vátryggingaratburðar, sbr. 2. mgr. 47. gr. laga nr. 30/2004. Í slíkum tilvikum getur félagið sagt upp öllum vátryggingarsamningum sínum við vátryggðan með einnar viku fyrirvara.
- 2.6 Ákvæði sem kveða á um að réttur vátryggðs til bóta skerðist eða falli niður vegna athafna eða athafnaleysis vátryggðs, eiga einnig við um bótarétt vátryggðs vegna samsvarandi háttsemi starfsmanna vátryggðs, sbr. 2. og 3. mgr. 29. gr. laga nr. 30/2004.

## 3. Tjón sem ekki bætast

- 3.1 Vátryggingin nær ekki til tjóns af eldi, er ekki verður talinn eldsvoði.
- 3.2 Það telst ekki eldsvoði þá er sviðnar eða brennur gat á hið vátryggða og ekki er um eldsvoða að öðru leyti að ræða, og greiðast þá engar bætur fyrir slík tjón.
- 3.3 Tjón á vátryggðum munum, sem verða fyrir eldi eða hita við upphitun og brenna af þeirri ástæðu eða skemmast, verður eigi bætt.
- 3.4 Vátryggingin nær ekki til reksturstjóns eða annars óbeins tjóns.
- 3.5 Undanþegið vátryggingunni er tjón, sem verður í ófriði, uppreisn eða borgararóstum, svo og í eða eftir jarðskjálfta eða aðrar náttúruhamfarir, nema vátryggður geti fært sönnur á, að orsakir tjónsins verði hvorki beint eða óbeint raktar til þessara atburða.

## 4. Undantekningar

Þó nær vátryggingin aldrei til eftirtalinna muna, nema það sé ótvírátt tekið fram, að þeir séu einnig vátryggðir:

Púður og önnur sprengiefni, svo og flugeldar og efni í þá, peningar, verðbréf, stimpilmerki og önnur verðmerki, handrit, skjöl, teikningar og fyrirmyndir, ennfremur vélknúin ökutæki.

## 5. Munir sem aðrir eiga

Munir, sem vátryggður á ekki, eru því aðeins innifaldir, að skírteinið beri áritun um það, og félagið getur þá krafist, að eigandi slíkra muna láti vátryggðan ætíð koma fram fyrir sína hönd, þegar samið er um bætur.

## 6. Kostnaður vegna ruðnings brunarústa

Kostnaður við að ryðja brunarústir er ekki innifalinn, nema það sé sérstaklega tekið fram í skírteininu.

## 7. Iðgjaldið – Gjald dagi – Vanskil – Uppgjör við slit samnings á váttryggingartímabilinu

Váttryggingartaki skal greiða iðgjald til félagsins. Fyrsta iðgjaldið fellur í gjalddaga þann dag sem váttryggingin tekur gildi. Síðari iðgjöld falla í gjalddaga á fyrsta degi hvers endurnýjunartímabils. Greiðslufrestur skal vera einn mánuður hið skemmsta frá þeim degi sem félagið sendi tilkynningu um greiðslu. Krafa um greiðslu iðgjalds verður send váttryggingartaka á það heimilisfang sem hann hefur tilkynnt félaginu. Sending tilkynningar eða greiðsluseðils jafngildir kröfu um greiðslu. Breytingar á heimilisfangi skal tilkynna félaginu þegar í stað. Sé iðgjald ógreitt þegar greiðslufresti lýkur, getur félagið sent nýja tilkynningu þar sem greiðslu er krafist innan 14 daga. Sé iðgjald ekki greitt innan 14 daga frá dagsetningu þeirrar tilkynningar fellur váttryggingin niður þegar í stað, sbr. 33. gr. laga nr. 30/2004. Þegar váttryggingarsamningi, sem gilda skal í eitt ár eða lengri tíma, er slitið á váttryggingartímabilinu, á félagið rétt á hlutfallslegu iðgjaldi miðað við þann tíma sem váttryggingin var í gildi en endurgreiðir iðgjöld fyrir annað tímabil sem þá þegar er greitt. Sé iðgjald ákveðið árstíðabundið er heimilt að taka tillit til þess við endurgreiðslu iðgjaldsins, sbr. 2. mgr. 17. gr. laga nr. 30/2004. Sé andvirði hins váttryggða greitt út við altjón og váttryggingin fellur niður af þeim sökum kemur ekki til endurgreiðslu iðgjalds

## 8. Gildistími – Endurnýjun – Réttur til uppsagnar

### Gildistími

Sé ekki annað ákveðið í lögum eða samningi tekur váttryggingin gildi á þeim degi, sem samningur um váttrygginguna er gerður, það er þegar félagið eða váttryggingartaki hefur samþykkt tilboð hins. Váttryggingin gildir fyrir það tímabil sem tilgreint er í váttryggingarskírteini eða iðgjaldskvittun.

### Endurnýjun og uppsögn

Váttrygging, sem gildir í eitt ár eða lengur, er endurnýjuð fyrir eitt ár í senn, nema váttryggingartaki hafi tilkynnt félaginu um að hann vilji segja váttryggingarsamningnum upp. Váttryggingartaki getur sagt váttryggingunni upp skriflega með mánaðar fyrirvara hvenær sem er á váttryggingartímabilinu og miðast uppsögn við næstu mánaðamót þar á eftir. Eigi uppsögn að miðast við endurnýjun váttryggingarinnar skal tilkynning um uppsögn berast félaginu í síðasta lagi tveimur vikum fyrir lok váttryggingartímabilsins. Hafi váttryggingartaki ekki lengur þörf fyrir váttrygginguna eða fyrir hendi eru aðrar sérstakar ástæður sem réttlæta uppsögn, getur hann þó sagt váttryggingunni upp með skriflegri tilkynningu til félagsins án sérstaks fyrirvara, sbr. 2. mgr. 14. gr. eða 3. mgr. 75. gr. laga nr. 30/2004.

Þegar váttrygging er tekin vegna atvinnurekstrar, þar sem umfang rekstraraðila samsvarar fleiri en fimm ársverkum eða starfsemi fer að mestu leyti fram erlendis, getur váttryggingartaki aðeins sagt váttryggingunni upp við endurnýjun hennar og skal uppsögn í síðasta lagi hafa borist félaginu einum mánuði fyrir lok váttryggingartímabilsins.

Ef félagið hyggst ekki framlengja váttrygginguna skal tilkynna váttryggingartaka það í síðasta lagi tveimur mánuðum áður en váttryggingartímabilið er á enda. Félagið getur gert breytingar á váttryggingarskilmálum og iðgjaldi váttryggingarinnar. Slíkar breytingar taka gildi frá næstu endurnýjun váttryggingarinnar eftir að tilkynning um þær er send.

### Réttur félagsins til uppsagnar á váttryggingartímanum

Félagið getur sagt upp váttryggingunni:

1. Ef gefnar hafa verið rangar eða ófullnægjandi upplýsingar um áhættuna, með 14 daga fyrirvara, sbr. 21. og 15. gr. eða 84. og 76. gr. laga nr. 30/2004.
2. Ef váttryggingartaki hefur viðhaft sviksamlega háttsemi við upplýsingagjöf til félagsins um áhættuna, án fyrirvara, sbr. 21. og 15. gr. eða 84. og 76. gr. laga nr. 30/2004. Auk þess getur félagið í slíkum tilvikum sagt upp öllum váttryggingasamningum sínum við váttryggðan.

3. Ef váttryggður veitir af ásetningi rangar eða ófullnægjandi upplýsingar við uppgjör váttryggingarbóta, með viku fyrirvara, sbr. 47. gr. og 15. gr. eða 120. gr. og 76. gr. laga nr. 30/2004. Auk þess getur félagið í slíkum tilvikum sagt upp öllum váttryggingasamningum sínum við váttryggðan.
4. Eftir að tjón hefur orðið, ef
  - a. váttryggður hefur valdið tjóninu af ásetningi;
  - b. váttryggður hefur brotið gegn varúðarreglum;
  - c. fjöldi tjóna á skömmum tíma er meiri en eðlilegt telst, t.d. 3 tjón á 12 mánuðum.

Uppsagnarfrestur í slíkum tilvikum er tveir mánuðir, sbr. 1. og 2. mgr. 15. gr. eða 2. og 3. mgr. 76. gr. laga nr. 30/2004.

5. Ef notkun hins váttryggða eða starfsemi váttryggðs breytist á váttryggingartímanum á þann hátt að:
  - a. Félagið hefði ekki tekið að sér váttrygginguna ef hinar nýju aðstæður hefðu legið fyrir við töku váttryggingarinnar.
  - b. Það hefur áhrif á möguleika félagsins til að endurbyggja áhættuna.

Uppsagnarfrestur í slíkum tilvikum er tveir mánuðir, sbr. 1. og 2. mgr. 15. gr. eða 2. og 3. mgr. 76. gr. laga nr. 30/2004.

6. Við ítrekaðar vanefndir á greiðslu iðgjalds. Uppsagnarfrestur í slíkum tilvikum er tveir mánuðir, sbr. 1. og 2. mgr. 15. gr. eða 2. og 3. mgr. 76. gr. laga nr. 30/2004.

7. Ef alvarlegur trúnaðarrestur verður milli félagsins og váttryggingartaka.

Uppsagnarfrestur í slíkum tilvikum er tveir mánuðir, sbr. 1. og 2. mgr. 15. gr. eða 2. og 3. mgr. 76. gr. laga nr. 30/2004.

## 9. Tilkynningarskylda

Váttryggingartaki skal tilkynna félaginu tafarlaust um breytingar sem varða hina váttryggðu áhættu, svo sem;

- Þegar váttryggðir munir eru fluttir á annan stað en tilgreint er í skírteininu.
- Þegar með vitund váttryggðs verður breyting á áhættunni frá því sem tilgreint er í skírteininu og brunahætta eykst þess vegna á váttryggingarstaðnum.
- Þegar keypt er váttrygging á sömu munum annars staðar.
- Þegar eigendaskipti verða að hinum váttryggðu munum. Félagið tekur síðan ákvörðun um með hvaða skilyrðum váttryggingin geti haldið áfram.

## 10. Sjó- eða flutningstrygging

Séu hinir váttryggðu munir samtímis váttryggðir gegn eldsvoða í sjó- eða flutningstryggingu, nær ábyrð þessa félags aðeins til þess tjóns, sem eigi fæst bætt með slíkri váttryggingu.

## 11. Skoðun

Félaginu er heimilt að láta skoða váttryggingarstaðinn á meðan váttryggingin er í gildi.

## 12. Varnir gegn tjóni

Þegar tjón verður, er váttryggðum skylt að koma í veg fyrir eða takmarka tjónið eins og frekast má verða, og á sama hátt er félaginu heimilt að gera slíkar ráðstafanir.

## 13. Tilkynning um tjón

Váttryggðum ber tafarlaust að tilkynna félaginu um tjónið og síðan, innan hálf mánaðar, ef hægt er, að láta félaginu í té skýrslu um brennda og skemmda muni og einnig um óskemmda, ef félagið óskar þess.

Ef váttryggingaathurinn hefur gerst eða bein hættta er á því að hann muni bera að höndum, ber váttryggðum að reyna að afstýra tjóninu eða draga úr því.

Váttryggður skal gefa félaginu kost á að skoða og meta tjónið áður en viðgerð hefst eða skemmdum munum er ráðstafað.

Vanræksla á þessum skyldum váttryggðs getur varðað lækkun eða missi bóta.

## 14. Uppgjör tjóns

- 14.1 Váttryggðum ber að sýna fram á að tjón falli undir váttryggingarsamninginn og ber einnig sönnunarbyrði um umfang tjónsins. Krefja má um greiðslu bóta 14 dögum eftir að félagið átti þess kost að afla þeirra upplýsinga sem þörf var á til þess að meta váttryggingaratburðinn og ákveða fjárhæð bótanna. Um vexti af bótafjárhæðum fer samkvæmt 50. gr. laga nr. 30/2004.
- 14.2 Tjónið er gert upp á grundvelli kaupverðs á ný, rétt fyrir brunann, með sanngjörnum frádrætti vegna aldurs, notkunar, minnkaðrar nothæfni eða af öðrum ástæðum.
- 14.3 Félaginu er aldrei skylt að inna hærri bætur af hendi en nægja til að bæta tjón það sem orðið hefur.
- 14.4 Ef hagsmunir þeir sem váttrygging þessi tekur til eru einnig váttryggðir með annarri váttryggingu getur váttryggður valið úr hvaða váttryggingu hann krefst bóta, þar til hann hefur fengið þær bætur sem hann á kröfu til.
- 14.5 Ef fleiri en eitt váttryggingafélag bera ábyrgð á tjóni skulu þau, sé ekki um annað samið, greiða bætur hlutfallslega eftir ábyrgð hvers þeirra um sig á tjóninu. Því getur það félag, sem bætir tjónið, endurkrafíð önnur félög hlutfallslega.
- 14.6 Ef váttryggður getur nýtt kostnað vegna tjóns til skattafrádráttar eða hann á rétt á endurgreiðslu virðisaukaskatts vegna endurbóta á hinu váttryggða í kjölfar tjóns skulu bætur lækka sem því nemur.

## 15. Undirtrygging

Ef heildarverðmæti hinna váttryggðu muna er meira en váttryggingarfjárhæðin, greiðir félagið aðeins hlutfallslegar bætur.

## 16. Mat

- 16.1 Hljóði skírteinið um fleiri liði en einn, er farið með hvern einstakan lið eins og váttryggingu út af fyrir sig.
- 16.2 Heimilt er bæði váttryggðum og félaginu að láta óvilhalla matsmenn meta tjónið, og velja þá aðilar sinn manninn hvor. Á undan matsgerð kjósa matsmenn sér oddamann. Rísi ágreiningur milli matsmanna, kemur oddamaðurinn til og fellir – innan takmarka ágreiningisins – úrskurð um þau atriði sem matsmennirnir eru ósáttir um. Nú geta matsmenn ekki orðið á eitt sáttir um val oddamanns, og skal þá héraðsdómari á staðnum útnefna hann.
- 16.3 Matsmenn ákveða verðmæti munanna á undan og eftir bruna samkvæmt fyrirmælum þessarar greinar.
- 16.4 Hvor aðili um sig greiðir sínum matsmanni ómakslaun, en oddamanni báðir til helminga.

## 17. Er félagið tekur við skemmdum munum

Félaginu er heimilt að taka skemmdan hlut gegn því að bæta hann því verði sem hann var metinn fyrir brunann, sem og að greiða skaðabætur með sams konar munum (in natura) og koma skemmdum munum í sama lag sem fyrir brunann.

## 18. Tímafrestir – fyrning

Váttryggingartaki glatar rétti til bóta ef:

1. hann tilkynnir félaginu ekki um kröfu sína innan árs frá því að hann vissi um atvik sem hún er reist á;
  2. hann hefur ekki höfðað mál eða krafist meðferðar málsins fyrir úrskurðarnefnd í váttryggingamálum innan árs frá því að hann fékk skriflega tilkynningu um að kröfu hans væri hafnað, sbr. 51. gr. laga nr. 30/2004.
- Krafa váttryggingartaka um bætur getur fyrnst samkvæmt reglum 52. gr. laga nr. 30/2004.

## 19. Ágreiningur

Verði ágreiningur um vátrygginguna skal íslenskur dómstóll skera úr honum samkvæmt íslenskum lögum, nema annað leiði af þjóðréttarsamningi sem Ísland er bundið af.

Úrskurðarnefnd í vátryggingamálum sker úr ágreiningi um bótaskyldu, sök og sakarskiptingu auk ágreinings um atriði, er varða ákvæði laga nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga.

Úrskurðarnefnd í vátryggingamálum er vistuð er hjá Fjármálaeftirlitinu og má nálgast upplýsingar og málskotseyðublað vegna nefndarinnar á vefsíðunum [www.fme.is](http://www.fme.is) og [www.sjova.is](http://www.sjova.is), auk fyllri upplýsinga um starfssvið og starfsháttu hennar.

Málsmeðferð fyrir úrskurðarnefnd í vátryggingamálum skerðir ekki rétt málskotsaðila til þess að leggja málið fyrir almenna dómstóla.

## 20. Heimili og varnarþing

Varnarþing félagsins er Reykjavík. Mál sem kunna að rísa á hendur félaginu út af vátryggingu þessari, skulu rekin fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

**Skilmálar þessir gilda frá 1. júlí 2015.**

[Efst á skjal](#)